

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 2. gr.
  - a. Fyrri málsliður 1. málsgr. orðist svo:  
Starf til verndar börnum og ungmennum rækja, samkvæmt lögum þessum, barnaverndarnefndir, heilsuverndarstöðvar og barnaverndarráð.
  - b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. málsgr. komi: Félagsmálaráðuneytið.
  - c. Í stað orðanna „Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð“ á tveim stöðum síðar í greininni komi: Barnaverndarnefndir, heilsuverndarstöðvar og barnaverndarráð.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:  
Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og í hverjum hreppi. Í Reykjavík skal sérstök barnaverndardeild í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur annast vernd barna og ungmenna, og gildi fyrir þá deild ákvæði þessara laga um störf og starfsháttu barnaverndarnefnda. Heimilt er kaupstöðum, er þess óska, að fela heilsuverndarstöð vernd barna og ungmenna. Þá er og heimilt að hafa sameiginlegar barnaverndarnefndir fyrir fleiri en einn hrepp, séu þeir fámennir.
3. Við 6. gr. 1. másl. 1. málsgr. orðist svo:  
Bæjarstjórn kys 5 manna barnaverndarnefnd.
4. Við 7. gr.
  - a. Orðið „(borgarstjóri)“ í 3. málsgr. falli niður.
  - b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 3. málsgr. komi: félagsmálaráðuneytinu.
5. Við 13. gr. Orðin „(í Reykjavík borgardómari)“ falli niður.
6. Við 14. gr. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 3. málsgr. komi: félagsmálaráðherra.
7. Við 36. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:  
Barnaverndarnefnd er heimilt að úrskurða, að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum, þótt þeir, er foreldraráðin hafa, kalli eftir því, enda sé ástæða til að ætla, að betur fari um barnið hjá fósturforeldrum.
8. Við 37. gr. Í stað „menntamálaráðherra“ í 1. málsgr. komi: félagsmálaráðherra.
9. Við 41. gr. Greinin orðist svo:  
Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barn eða ungmenni sé ekki þjakað af þungri og óhollri vinnu, löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum lifnaðarháttum. Enn fremur skal nefndin hafa eftirlit með, að barni sé ekki íþyngt um of með skólanámi og að því sé daglega ætlaður nægur tími til hvíldar frá námi og til leikja.  
Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í frystihúsum eða öðrum verksmiðjum né til upp- og útskipunarvinnu eða byggingarvinnu, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Yngri börnum en 15 ára má ekki fela stjórn vélknúinna vinnutækja. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum nema skóla-skipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar og eigi mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæzlu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari. Til iðnaðarnáms má eigi ráða barn yngra en 16 ára.  
Alger hámarksvinnutími barna undir 14 ára aldri er 5 stundir á dag og 5 daga vinnuvika, en hámarksvinnutími barna 14—16 ára skal vera 6 stundir og vinnuvikan 5 dagar.

Eigi skulu skólaskyld börn ráðin til vinnu, frá því þau hefja skólagöngu að hausti þar til henni lýkur að vori.

Ráðherra skal setja reglugerðir, er taka yfir landið í heild og ef við á einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, aðbúnað, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar. Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð um bann við næturvinnu og helgidagavinnu barna, nánar um hámarksvinnutíma þeirra svo og eftir atvikum um læknisskoðun til úrskurðar um það fyrir fram, hvort vinna sé barni eða ungmenni um megn eða ekki. Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð um bann við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slyshætta stafar af.

Ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna skulu m. a. taka til verndar sendisveina í starfi, þ. á m. útbúnaðar flutningatækja þeirra, takmörkunar á blað- og merkjasölu barna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra, starfa barna og ungmenna í veitingahúsum og á opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi, svo og til annarra starfa, er siðferði þeirra getur stafað hætta af.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þrem árum. Auk refsingar má svipta menn réttindum, samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

10. Við 44. gr. Á eftir 4. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Rétt er að banna í reglugerð að gefa eða selja börnum tóbak.
11. Við 56. gr.
  - a. Í stað orðanna „til fullnaðarúrskurðar“ í 1. málsgr. komi: til úrskurðar.
  - b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Úrskurði barnaverndarráðs má áfrýja til dómstóla.
12. Við 57. gr. Í stað „menntamálaráðherra“ komi: félagsmálaráðherra.
13. Við 61. gr. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ á tveim stöðum í greininni komi: Félagsmálaráðuneytið, — og í stað „Menntamálaráðherra“ komi: Félagsmálaráðherra.